

Grímsnes- og Grafningshreppur
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 30. október 2025
202510-0050/A.B.
08.01

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Grímsnes – og Grafningshrepps 2020 – 2032 fyrir Brúarholt II - Landbúnaðarland í L3

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2020–2032 á jörðinni Brúarholti II (landnr. 196050). Erindið barst Náttúruverndarstofnun 9. október 2025. Í lýsingunni kemur fram að fyrirhuguð sé breyting á flokkun landbúnaðarlands úr L2 í L3 á um 30 ha svæði austan Þingvallavegar, þar sem landeigandi hyggst heimila uppbyggingu smárra landspilda til fastrar búsetu.

Forsendur við frekari vinnslu

Náttúruverndarstofnun telur það er jákvætt að í skipulagslýsingu sé vísað til Landsskipulagsstefnu 2024–2038 og þeirra markmiða sem þar koma fram um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og jafnvægi milli nýtingar og verndar.

Náttúruverndarstofnun bendir þó á að í forsendum fyrir gerð tillögu þurfi jafnframt að vísa til náttúruverndarstefnu aðalskipulags sveitarfélagsins, sem kveður á um vernd votlendis, gróðurlenda og líffræðilegrar fjölbreytni innan sveitarfélagsins. Þar sem fyrirhuguð breyting nær til svæða sem samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar fela í sér vistgerðir með hátt verndargildi, er brýnt að náttúruverndarmarkmið sveitarfélagsins séu höfð að leiðarljósi við mótun stefnu tillögunnar.

Auk þess þarf í forsendum við frekari vinnslu að gera grein fyrir því álagi sem mófuglastofnar eru undir á Suðurlandi, bæði vegna aukinnar landnotkunar og uppbyggingar í dreifbýli. Slíkt mat er mikilvægt til að tryggja að fyrirhuguð breyting stuðli ekki að frekari rýrnun búsvæða tegunda sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á, s.s. spóa, lóu og hrossagauks.

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.¹ Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.² Náttúruverndarstofnun bendir á að t.d. heiðlóa,

¹ Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

² Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands³ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofninum verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði valista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025⁴, en síðasti valisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu valistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025.

Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeýðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í þessu sambandi sé mikilvægt að átta sig á því að áhrifin af búsvæðaeýðingu séu ekki staðbundin. Vistkerfi eru hluti af stærri heildum þar sem hver eining hefur áhrif á aðra.

Umhverfismatsskýrsla

Náttúruverndarstofnun bendir á að taflan í skipulagslýsingu þar sem tilgreindir eru umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar sé ágæt en virðist ekki tæmandi. Nokkrir þættir þarfnast frekari umfjöllunar í greinargerð tillögunnar og í umhverfismati, meðal annars:

- Mikilvæg fuglasvæði – svæðið tilheyrir Suðurlandsundirlendinu sem er eitt mikilvægasta varpsvæði landsins og hefur hátt verndargildi vegna fjölbreytts fuglalífs.
- Fuglalíf sem nýtur verndar – meta þarf áhrif uppbyggingar á varp- og fæðuöflunarsvæði algengra mófugla, þar á meðal spóa, heiðlóu, hrossagauk og lóupræll, sem eru ábyrgðartegundir Íslands og sumar þeirra á valista, ein og fjallað er um að ofan. Hér þarf að vísa í viðeigandi lög um verndun fugla og alþjóðlega samninga sem umhverfisviðmið.
- Vistgerðir sem njóta alþjóðlegrar verndar – sérstaklega votlendi, mýrar og önnur svæði sem falla undir vernd samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og alþjóðasamningum á borð við Bernarsamninginn.
- Sjónræn áhrif og landslag – gera þarf grein fyrir sjónrænum áhrifum uppbyggingar á landslagsheild milli Efri-Brúar og Syðri-Brúa, í samræmi við 69. gr. laga nr. 60/2013.
- Vatnafar og yfirborðsrennsli – greina þarf áhrif á fráveitu, vatnsleiðir og vatnshlot samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 935/2011.

³ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁴ Náttúrufræðistofnun – Valisti fugla 2025

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur